

„Gríman og frelsið," olía á striga, 1986

En þessir kentárar. Eru þeir ekki dálítið á skjön við Íslenska menningu og hefðir?

„Ég vil líta svo á að sagan sé okkar hefð. Auk þess eru þetta ekki alltaf hreinir kentárar. Þetta eru oft hundur og maður og við höfum náttúrulega í þjóðsögum okkar sambærilegar manneskjur, líka í Íslendingasögunum. Fyrir mér eru þetta ekki kentárar eins og við þekkjum þá. Heldur er þetta tákn um veikleika og styrkleika. Ef þú ert kentár, lítur fólk á þig annaðhvort sem Guð, eða aumingja. Þetta er líka tákn um einsemd. Ef þú ert öðruvísi en aðrir, getur þú verið eitthvað merkilegra en aðrir, eða eitthvað ómerkilegra.

Þetta getur líka verið vottur um það að fegurð getur leynst á ólíklegustu stöðum. Hver tími hefur sitt staðlaða fegurðarskyn. Við getur tekið konuna sem dæmi. Á einum tíma þótti hún falleg ef hún var feit, hvít og mjúk. Nú til dags á hún að vera mjó og brún og á síðustu árum, dálítið vöðvuð.

Að þessu leiti finnst mér ég geta verið að breyta heiminum svolítið með listinni, þótt auðvitað sé ekki leyfilegt að segja svona í dag. Ég hef fundið það sjálfur, með árunum smátt og smátt, að fók hefur vanist myndunum mínum. Það þýðir að fólk sveigir sig utan um myndirnar, breytir sínum eigin smekk og fer að sjá fegurð út úr því sem því þótti áður ljótt og hvimleitt. Eitt er víst, að mörgum þótti gömlu myndirnar mínar ljótar, en þegar ég sýni þær nú, þykja þær bara nokkuð fallegar."

Er markmið þitt þá að breyta heiminum?

„Þetta er kannski ekki markmið mitt sem listamaður. Og þó. Markmið mitt sem listamaður er að skapa einhvern heim sem fólk á aðgang að þegar það þarf eitthvað annað en það hefur alla daga. En þetta er eins og þegar síminn kom fyrst. Þá fannst fólki þetta fáránlegt. Svo þegar það hefur haft hann um tíma, finnst því ómögulegt að hafa hann ekki. Þannig að síminn hefur breytt þjóðfélaginu."


Lítur þú þá á myndlist sem einhvers konar tjáskipti?

„Mér finnst hún geta verið svipuð og trú. Hún er fylling. Jú, ég býst við að hún geti verið einhvers konar tjáskipti. Reyndar finnst mér allir hlutir sem hafa dýpri fegurð geta verið það," sagði Helgi Þorgils Friðjónsson, myndlistarmaður að lokum.


Sýning Helga á Kjarvalsstöðum stendur yfir til 21. september næstkomandi og sýningu hans í Gallerí Svart á hvítu lýkur 20. september.

Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir





„Vor," olía á striga, 1986
„Sjálfsmynd með vasa á höfðinu," olía á striga, 1987



„Stund hugleiðingar," olía á striga, 1987